

BORGARRÁÐ 13. febrúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meðferð tillagna áheyrnarfulltrúans um hundahald - R20010132

Meðal hundaeigenda í borginni er gríðarlega óánægja og vantraust til hundaeftirlits. Verkefnum þeirra hefur snarfækkað vegna samfélagsmiðla eins og tölur hafa sýnt. Engu að síður eru eigendur krafnnir um gjald sem síðan er sagt að eigi að nota til að þjónusta alla. Flokkur fólksins hefur lagt fram fjölda fyrirspurna en einnig tillögur um hunda og hundahald. Tillögurnar voru ýmist felldar eða vísað frá í umhverfis- og heilbrigðisráði en eftir því sem borgarfulltrúi Flokks fólksins skilur þá á starfshópurinn um endurskoðun þjónustu við gæludýraeigendur að taka þær til umræðu/meðferðar. Þessar tillögur eru: Að aðgengi hunda og aðstöðu hundaeigenda verði endurskoðað. Að reglur um gæludýr í strætisvögnum verði rýmkaðar. Að heimilt verði að halda hunda- og kattasýningar í íþróttamannvirkjum. Að hundagjald öryrkja og eldri borgarara verði felld niður. Að innheimta hundagjalds fari í uppbyggingu á hundasvæðinu á Geirsnefi. Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um framvindu vinnu stýrihópsins og upplýsingar um meðferð tillagnanna.